

Þriðjudaginn 8. maí 1990.

Nr. 249/1988. **Rafmagnsveitur ríkisins og  
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

**Eyjólfí Erni Jóhannssyni**

(Jóhann Salberg Guðmundsson hrl.).

Verklaun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Að fengnu áfrýjunarleyfi 15. ágúst 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hafa áfrýjendur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. ágúst 1988. Áfrýjendur krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að „tildæmdar fjárhæðir verði verulega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður“.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ósannað er, að samið hafi verið um tiltekna þóknun fyrir verk það, er stefndi vann í þágu Rafmagnsveitna ríkisins og málið fjallar um. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, taldi þá þóknun, sem stefndi áskildi sér fyrir verkið, eigi ósanngjarna eftir atvikum. Þessu mati héraðsdóms hefur eigi verið hnekk. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans að öðru leyti en því, að vextir reiknast eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda óskipt 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að áfrýjendur, Rafmagnsveitur ríkisins og fjármálaráð-

herra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Eyjólfí Erni Jóhannssyni, óskipt 3,75% dráttarvexti á mánuði af 50.675 krónum frá 1. október 1985 til 1. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þó skulu dráttarvextir aldrei vera hærri á þessu tímabili en 45% ársvextir.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1988.**

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. apríl sl., er höfðað af Eyjólfí Erni Jóhannssyni, nnr. 1774-1209, Fálkagötu 3, Reykjavík, með stefnu, birtri 4. mars 1986, á hendur Rafmagnsveitum ríkisins, nnr. 7126-4186, Laugavegi 118, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 53.675, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 1. júní 1985 til 1. september s.á., með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6. maí s.á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist skuldabréfavaxta skv. reglum Landsbanka Íslands frá 1. júní 1985 til greiðsludags, en til þrautavara annarra lægri vaxta að mati dómsins. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

#### II.

##### *Málavextir og málsástæður stefnanda.*

Skuldina kveður stefnandi vera ógreidd laun fyrir verk, sem stefnandi innti af hendi fyrir stefnda Rafmagnsveitur ríkisins á árinu 1985, og tilheyr-

andi kostnað. Verkið hafi verið fólgið í hönnun hugbúnaðar vegna mæla-skráningarkerfis Rafmagnsveitna ríkisins. Um sé að ræða samtals 117 stundir, sem verkið tók, og séu reiknaðar kr. 775 fyrir hverja stund. Verkið hafi verið unnið í apríl 1985 nema 2 stundir, sem unnar hafi verið í september s.á. Bifreiðakostnaður vegna verksins sé reiknaður alls kr. 3.000,00. Samtals nemi þessir liðir kr. 93.675. Í maímánuði 1985 hafi stefndi Rafmagnsveitur ríkisins greitt upp í kröfuna kr. 40.000, og sé mismunurinn kr. 53.675 stefnukrafan í máli þessu. Vextir séu reiknaðir af þeirri fjárhæð. Stefndi Rafmagnsveitur ríkisins hafi eigi fengist til þess að greiða kröfuna þrátt fyrir áskoranir.

Stefnandi vísar til almennra reglna um skyldu verkkaupanda til þess að greiða laun þeim, sem verk innir af hendi fyrir kaupanda, og sé hér um að ræða grundvallarreglu laga.

Stefnandi hafi tekið að sér umrætt verk að ósk Þórarins K. Ólafssonar, deildarstjóra rafmagnsdeildar Rafmagnsveitna ríkisins. Þeim Þórarni hafi orðið rætt um greiðslu til stefnanda fyrir verkið, og hafi þá verið nefndir taxtar fyrir tilsvarendi verk. Því telji stefnandi sig hafa réttmæta ástæðu til að ætla, að reikna mætti laun fyrir umrætt verk eftir því, sem tíðkist um útselda vinnu frá kerfisfræðistofum, enda vart um annað að ræða til að miða við og fara eftir, og séu framlagðir reikningar gerðir samkvæmt þessu.

#### *Málsástæður stefnda.*

Svo sem fram komi í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins á dskj. nr. 12, hafi stefnanda verið falið að útbúa einfalt innsláttarkerfi vegna mælaskráningar við Rafmagnsveitur ríkisins. Það kerfi skyldi byggjast á gögnum, sem þegar höfðu verið útbúin á vegum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitur ríkisins höfðu fengið afhent þaðan. Þetta kerfi skyldi aðlaga aðstæðum hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Hafi verið samið við Þorleif Finnsson tæknifræðing, þáverandi deildarstjóra mæladeildar Rafmagnsveitu Reykjavíkur, um aðstoð við framkvæmd verksins hjá Rarik. Þessi aðdragandi málsins muni hafa gerst á árinu 1984.

Stefnandi, sem þá var starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins, hafi hafið starf sitt í byrjun ársins 1985. Áður en vinna hans hófst við þetta verkefni, hafi Þorleifur Finnsson átt fundi með honum og farið nákvæmlega yfir verkefnið. Stefndi hafi hins vegar ekki náð að ljúka þessu verkefni, þar sem hann hætti störfum fyrir Rafmagnsveitur ríkisins í lok janúar 1985.

Í framhaldi af þessu hafi verið gerður samningur milli stefnanda og Rafmagnsveitna ríkisins þess efnis, að stefnandi skyldi ljúka verkinu sem verk-taki. Fyrir hönd rafmagnsveitnanna hafi Þórarinn K. Ólafsson, yfirverkfræðingur rafmagnsdeildar, annast samningsgerð. Þessari samningsgerð hafi hann lýst á bls. 2-3 á dskj. nr. 12. Samkvæmt því sé ljóst, að stefnanda

hafi verið boðnar sem næst kr. 400 á tímunn fyrir verkið. Hafi þá verið haft í huga, að greiddur yrði sem næst helmingur af tímakaupi skv. gjaldskrá, sem fram komi á dskj. nr. 7 og 8. Sú gjaldskrá eigi við um verkfræðinga og aðra háskólamenntaða menn. Stefnandi hafi ekki próf í tölvunarfræðum. Fyrir því muni vera nokkur fordæmi hjá Rafmagnsveitum ríkisins, að samið sé við fyrrum starfsmenn um, að þeir ljúki hálfloknum verkum með þeim kjörum, að þeir fái sem næst helming þess tímakaups, sem gjaldskrár geri ráð fyrir. Þetta hafi stefnanda verið fullkunnugt um, þegar samið var um verkið við hann. Ljóst sé, að hann hafi fallist á þessa skilmála.

Í annan stað hafi verið gengið út frá því og um það rætt í samningsgerð, að verkið fæli í sér sem næst einnar viku vinnu. Hafi þar verið byggt á upplýsingum Eyjólfss sjálfs. Í því felist, að tímafjöldi yrði nálægt 40 klst. Af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins hafi því verið litið svo á, að samningur aðilja um kaup og tímafjölda væri svo ljós, að ekki þyrfti að valda deilum.

Á því sé einnig vakin athygli, að stefnandi vann verk sitt hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Í raun hafi hann því notið allrar sömu aðstöðu og hann áður hafði haft sem starfsmaður fyrirtækisins. Einnig þetta atriði hafi legið til grundvallar því, hvaða tímakaup rafmagnsveiturnar voru reiðubúnar að greiða stefnanda fyrir verk hans.

Áður en verkinu lauk, hafi stefnandi framvísað reikningi á dskj. nr. 2. Er hann var lagður fram, hafi stefnandi lýst því yfir, að hann vildi ekki sætta sig við annað tímakaup en það, sem gildi samkvæmt taxta á dskj. nr. 7 og 8. Þetta hafi verið þvert á samning, sem áður hafði verið gerður. Þessu hafi tafarlaust verið hafnað af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins. Hins vegar hafi honum verið greiddar kr. 40.000. Því sé haldið fram, að með þessari greiðslu hafi verið fullgreitt og ríflega það fyrir verkið allt á grundvelli þess samnings, sem áður hafði verið gerður. Í því breyti engu, þótt hluti verksins hafi enn verið óunninn, þegar greiðslan fyrir verkið var innt af hendi.

Þegar dskj. nr. 13 var lagt fram, hafi stefnda Rafmagnsveitum ríkisins fyrst orðið ljóst, að stefnandi var að búa til mun meira en það einfalda innsláttarkerfi, sem honum hafði verið falið að hanna. Um þetta aukna umfang verksins hafi aldrei verið beðið. Tekið skuli fram, að ekki hafi verið setið yfir stefnanda, meðan hann vann verk sitt, og hafi því ekki orðið ljóst, fyrr en hann upplýsti sjálfur, hvaða afbrigði þarna höfðu átt sér stað. Á þessu beri hann sjálfur ábyrgð, en ekki stefndu. Einhliða ákvörðun stefnanda um aukningu verksins langt út fyrir samning aðilja geti engu breytt um samningsskyldur stefndu.

Hluti af kröfu stefnanda sé greiðsla fyrir bílkostnað. Aldrei hafi verið samþykktur kostnaður af því tagi. Ekki verði heldur séð nauðsyn þess, að slíkur kostnaður þyrfti að koma til.

Lögmaður stefndu mótmælti því, að varakrafa og þrautavarakrafa stefnanda, sem gerðar voru um vexti við munnlegan málflutning, komist að í málinu án framhaldsstefnu, með vísan til 113. gr. 1. nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning byggði lögmaður stefndu sýknukröfu stefndu m.a. á lögjöfnun frá 5. gr. 1. nr. 39/1922, fallist dómur ekki á að telja sannað, að samið hafi verið um ákveðið gjald fyrir verk stefnanda. Þá mótmælti lögmaðurinn enn fremur kröfu stefnanda um 3,75% vaxtafót tímabilið 1. september 1985 til 1. mars 1986, auk þess sem hann mótmælti upphafstíma vaxtakröfu með vísan til 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

### III.

#### *Niðurstaða.*

Það er óumdeilt, að gerður var samningur við stefnanda um, að hann tæki að sér að ljúka hönnun á forriti, sem hann hafði hafið, er hann var starfsmaður hjá stefnda Rarik. Samningurinn var munnlegur, og er deilt um, hverjar greiðslur stefnandi skyldi fá fyrir verkið og hvert umfang verksins skyldi vera. Starfskjör hans skyldu annars vera þau, að honum var lögð til vinnuástaða á skrifstofu Rarik.

Ósannað er, að samið hafi verið við stefnanda um, að hann fengi greiddar kr. 400 á tímann, eins og stefndu halda fram. Þar sem krafa stefnanda um kr. 775 pr/klst. telst ekki ósanngjörn fyrir þá vinnu, sem hann innti af hendi, skv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu um taxa fyrir sambærilega útselda vinnu á þessum tíma, þá ber að taka hana til greina með vísan til meginreglu 5. gr. 1. nr. 39/1922. Ósannað er, að sú vinnuástaða, sem stefnanda var lögð til, hafi átt að koma til lækkunar á greiðslum til hans, en af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram og færð að því rök, að það hafi verið hagræði fyrir stefnda, að stefnandi ynni verkið á starfsstofu Rarik. Hefur því ekki verið andmælt. Hins vegar er ósannað, að samið hafi verið um greiðslur vegna bilkostnaðar, og hefur stefnandi ekki fært rök að því, að honum hafi borið slíkar greiðslur.

Varðandi umfang verksins þá liggur fyrir, að af hálfu stefndu var fylgst með starfi stefnanda, og komu m.a. fram óskir um frekari útfærslu á verkinu af hálfu þess starfsmanns, sem einkum átti að nota innsláttarkerfi það, sem stefnandi var að hanna. Er upplýst, að aldrei voru gerðar athugasemdir við verk hans, fyrr en hann fór að krefja um greiðslu fyrir það. Höfðu stefndu þó alla möguleika á því að fylgjast með framgangi þess. Þá liggur ekki fyrir annað en að stefndi hafi notað kerfi stefnanda, og er ósannað, að stefnandi hafi farið út fyrir verkssvið sitt við hönnun þess.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því, að umkrafinn bilkostnaður dæmist ekki. Vextir dæmast, eins og greinir í dómsorði, frá 1. október 1985.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 37.979, þ.m.t. söluskattur, kr. 3.979.

Dóminn kváðu upp Sigríður Ólafsdóttir borgardómari, Oddur Benediktsson prófessor og Jóhann Malmquist prófessor.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Rafmagnsveitur ríkisins, Laugavegi 118, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Eyjólfí Erni Jóhannssyni, Fálkagötu 3, Reykjavík, kr. 50.675 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. október 1985 til 1. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6. maí s.á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á. og með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 37.979 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.